

Afrekssjóður ÍSÍ 2021



Áhrif COVID-19 á alþjóðlegt afreksíþróttastarf voru umtalsverð á árunum 2020 og 2021 og gerði að verkum að fjölmargir alþjóðlegir íþróttaviðburðir féllu niður eða var frestað. Afreksíþróttastarf sérsambanda ÍSÍ varð þannig fyrir miklum áhrifum og ekki var farið í verkefni með sama hætti og áætlanir gerðu ráð fyrir.

Við úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna ársins 2021 var unnið eftir sama vinnulagi og undanfarin ár en 2017 var nýtt ferli tekið upp hjá Afrekssjóði ÍSÍ vegna styrkjaumsókna og meðhöndlun þeirra. Sérsambönd voru áfram flokkuð í þrjá afreksflokka, Afrekssérsambönd, Alþjóðleg sérsambönd og Þróunarsérsambönd.

Við ákvörðun á styrkupp hæðum til sérsambanda er fyrst horft til flokkunar þeirra í afreksflokka og þeim veittir styrkir í ákveðna afrekspætti eftir því í hvaða afreksflokki þau eru.

Þannig hlutu sérsamböndin grunnstyrk, styrk vegna þátttöku í HM/EM, styrk vegna hæfileikamótunar, vegna heilbrigðisteymis og vegna menntunar þjálfara. Í flokki Afrekssérsambanda og Alþjóðlegra sérsambanda voru að auki veittir styrktir vegna starfsmanna sem sinna afreksstarfi, menntunar dómara, verkefna yngri liða/einstaklinga, vegna Ólympíuundirbúnings og vegna afreksfólks.

Þá skila sérsambönd inn áætlun um verkefni ársins, fjölda þátttakenda og lengd verkefna. Hvert mót fær ákveðinn stuðul eftir styrkleika mótisins samkvæmt skilgreiningu sérsambands og ÍSÍ. Úr þessum gögnum verður til mismunandi stigafjöldi fyrir hvert sérsamband og fær sambandið úthlutað styrk samkvæmt þeim stigafjölda sem það mælist með.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ

Árið 2021 var stjórn sjóðsins skipuð eftirfarandi aðilum: Lilja Sigurðardóttir formaður, Ása Ólafsdóttir varaformaður, Guðrún Inga Sívertsen, Páll Grétarsson auk Soffíu Ámundadóttur fulltrúa mennta- og menningarmálaráðherra. Starfsmaður sjóðsins var Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og seturétt á fundum sjóðsins hafði Þórey Edda Elísadóttir formaður stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Stjórnin hélt tíu formlega fundi á árinu 2021 auk annarra óformlegri funda.

Að loknu Íþróttáþingi ÍSÍ, þann 20. maí 2021, var skipuð ný stjórn sjóðsins: Knútur G. Hauksson formaður, Guðrún Inga Sívertsen, Páll Grétarsson, Hörður Þorsteinsson og Soffía Ámundadóttir fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra. Andri Stefánsson var áfram starfsmaður sjóðsins og Þórey Edda Elísadóttir með fundarseturétt.



Flokkun sérsambanda í afreksflokka

Skv. reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ skal Afrekssjóður ÍSÍ flokka árlega sérsambönd ÍSÍ í afreksflokka út frá skilgreindum viðmiðum. Í flokk Afrekssérsambanda falla sérsambönd sem m.a. eru með reglulega þátttöku á hæsta stigi eða hafa náð frábærum árangri á síðustu fjórum árum. Í flokk Alþjóðlegra sérsambanda falla sérsambönd sem m.a. eru með reglulega þátttöku í alþjóðlegum mótum þar sem einstaklingar eru að keppa um stig á heimslista og reyna að vinna sér þátttökurétt stórmótum. Í flokk þróunarsérsambanda falla þau sem ekki falla undir hina flokkana en taka þó m.a. þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi.

Flokkun sérsambanda í afreksflokka árið 2021 var óbreytt frá fyrra ári. Afrekssérsambönd voru níu, Alþjóðleg sérsambönd ellefu og Þróunarsérsambönd ellefu.

FLOKKUN Í AFREKSFLOKKA 2021		
Afreks sérsambönd	Alþjóðleg sérsambönd	Þróunar sérsambönd
FRÍ	BLÍ	BFSÍ
FSÍ	BSÍ	BTÍ
GSÍ	DSÍ	HNÍ
HSÍ	ÍHÍ	HRÍ
ÍF	JSÍ	ÍSS
KKÍ	KAÍ	LSÍ
KSÍ	KLÍ	MSÍ
SKÍ	KRA	SÍL
SSÍ	LH	TKÍ
	SKY	TSÍ
	STÍ	ÞRÍ

Afrekssjóður styrkir nærri 40% af kostnaði

Undanfarin ár hafa styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ numið um þriðjungi af kostnaði afreksstarfs sérsambanda. Við úthlutun áætluðu sérsamböndin 31 sem sóttu um styrki úr Afrekssjóði, að heildarkostnaður afreksstarfs þeirra yrði um 2.490 mkr. á árinu 2021.

Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ lækkaði úr 400 mkr. frá árinu 2020 í 392 mkr. árið 2021. Framlag ÍSÍ í Afrekssjóð af tekjum frá Íslenskri getspá hækkaði lítillega og var 92,2 mkr. árið 2021. Voru því rekstrartekjur Afrekssjóðs um 484,2 mkr. Úthlutað var rúmlega 515 mkr. eða um 20% af áætluðum afrekskostnaði þeirra sérsambanda sem sóttu um. Var því úthlutað um 31 mkr. umfram tekjur sjóðsins. Var það gerlegt sökum hárna niðurfellinga árið 2020. Raunkostnaður afreksstarfs samkvæmt fjárhagslegum uppgjörum þeirra þrjátíu sérsambanda sem hlutu styrk var rúmlega 1.246 mkr. Heildarfjárhæð útgreiddra styrkja eftir niðurfellingar var 479 mkr. eða rúmlega 38% af raunkostnaði afreksstarfs þeirra.

Fjármögnun afreksstarfs

Stærstur hluti fjármögnunar afreksstarfs sérsambanda sem hlutu styrk úr Afrekssjóði kemur frá ÍSÍ eða yfir 41% og er þetta hlutfall yfir 56% hjá Þróunarsérsamböndum. Stærri sérsambönd gera ráð fyrir að hætta hlutfall tekna komi frá styrktaraðilum og félögum en minni sambönd áætla að sækja hætta hlutfall tekna til iðkenda auk ÍSÍ. Þannig gera Alþjóðleg sérsambönd ráð fyrir að sækja 19% af sínum tekjum til iðkenda.

FJÁRMÖGNUN AFREKSSTARFS SÉRSAMBANDA 2021				
	Afreks sérsambönd	Alþjóðleg sérsambönd	Þróunar sérsambönd	Samtals
Frá alþjóðasambandi	6,0%	8,1%	8,4%	6,7%
Frá styrktaraðilum	15,9%	9,5%	5,2%	13,5%
Frá félögum	16,9%	5,9%	3,3%	13,3%
Frá iðkendum	6,6%	19,0%	11,4%	9,9%
Frá öðrum tekjum sérsambands	16,0%	12,4%	15,2%	15,1%
Frá öðrum tekjum í gegnum ÍSÍ	6,8%	14,1%	35,7%	10,7%
Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ	31,8%	31,0%	20,8%	30,8%
	100%	100%	100%	100%



Áherslur Afrekssjóðs 2021

Afrekssjóður ÍSÍ gefur út ákveðnar forsendur til sérsambanda áður en sótt er um til sjóðsins. Er þar fjallað um áhersluatriði hvers árs, hversu hárra styrkja má vænta í ákveðnum afrekspáttum og hversu hátt hlutfall kostnaðar afrekspáttarins er styrkt.

AFREKSPÆTTIR 2021					
	Afreks sérsambönd	Alþjóðleg sérsambönd	Þróunar sérsambönd	Samtals	%
Grunnstyrkur	22.000.000	11.000.000	5.500.000	38.500.000	7,5%
Starfsmannakostnaður	48.000.000	31.500.000	0	79.500.000	15,4%
Fagteymi	29.000.000	8.675.000	2.050.000	39.725.000	7,7%
HM/EM þátttaka	42.200.000	14.300.000	6.375.000	62.875.000	12,2%
HM/EM lokamót í hópíþróttum	14.000.000	0	0	14.000.000	2,7%
Menntun landsliðsþjálfara	2.400.000	2.125.000	1.100.000	5.625.000	1,1%
Menntun alþj. dómara	2.100.000	2.250.000	0	4.350.000	0,8%
Hæfileikamótun	14.750.000	5.500.000	7.500.000	27.750.000	5,4%
Umfang afrekssstarfs	118.050.000	13.000.000	0	131.050.000	25,4%
Einstaklingsstyrkur	26.000.000	10.500.000	2.000.000	38.500.000	7,5%
ÓL/PL undirbúningur	18.000.000	3.500.000	1.500.000	23.000.000	4,5%
Yngri lið/einstaklingar	29.500.000	18.250.000	0	47.750.000	9,3%
Aðrir þættir	0	2.000.000	500.000	2.500.000	0,5%
Alls	366.000.000	122.600.000	26.525.000	515.125.000	100%

Áherslur styrkveitinga innan hvers afrekshlokk voru að mestu óbreyttar frá 2020 til 2021 og fólu áfram í sér áherslu á umgjörð afrekspíróttastarfs sérsambanda, hæfileikamótun, HM/EM þátttöku, menntun landsliðsþjálfara og dómara og starf heilbrigðisteymis. Hæsta fjárhæðin, um 131 mkr. er líkt og undanfarin ár, veitt í ferðakostnað á mót erlendis (umfang afrekssstarfs).

Í reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ kemur fram að leitast skuli við að allt að 75% af styrkuppþæð hvers árs sé veitt til Afrekssérsambanda, allt að 40% til Alþjóðlegra sérsambanda og allt að 15% til Þróunarsérsambanda. Árið 2021 fór 71% af úthlutun til Afrekssérsambanda, tæp 24% til Alþjóðlegra sérsambanda og 5,2% til Þróunarsérsambanda. Hafa þessi hlutföll verið svipuð undanfarin ár.

Úthlutanir ársins 2020

Þrjátíu sérsambönd fengu úthlutun úr Afrekssjóði árið 2020. Úthlutað var rúmlega 463 mkr. Eftir yfirferð á uppgjörom og ársreikningum þar sem greindur var raunkostnaður við afrekssstarfið voru felldar niður tæpar 74 mkr. eða um 16% af úthlutaðum styrkjum, þar sem forsendur breyttust eða ekki var farið í þau verkefni sem styrkt höfðu verið. Voru því greiddir styrkir eftir niðurfellingar alls 389 mkr.

Há fjárhæð niðurfellinga skýrist að langmestu af skertu mótahaldi vegna Covid faraldursins en alls voru um 50 mkr. niðurfelldar vegna EM/HM þátttöku fullorðinna og mótaþátttöku ungmenna. Þá voru tæpar 10 mkr. niðurfelldar vegna fagteymis og rúmlega 6 mkr. vegna hæfileikamótunar.

Úthlutanir ársins 2021

Til Afrekssjóðs ÍSÍ bárust umsóknir frá 31 sérsambandi og fengu þrjátíu sérsambönd úthlutun. Úthlutað var alls rúmlega 515 mkr. Áfram hafði faraldurinn áhrif á mótahald í afrekssstarfinu og eftir yfirferð á uppgjörom og




ársreikningum, voru felldir niður styrkir að fjárhæð rúmlega 36 mkr. eða um 7% af úthlutuðum styrkjum. Voru því útgreiddir styrkir eftir niðurfellingar alls 479 mkr.

	Sérsamband	Heildarúthlutun 2021	Niðurfellingar 2021	Heildarúthlutun 2020	Niðurfellingar 2020
BFSÍ	Bogfimisamband Íslands	2.800.000	268.872	2.300.000	750.000
BLÍ	Blaksamband Íslands	11.000.000	1.551.767	10.400.000	3.563.208
BSÍ	Badminton samband Íslands	11.850.000	2.281.029	12.100.000	2.866.843
BTÍ	Borðtennissamband Íslands	2.250.000	1.374.669	2.300.000	1.125.622
DSÍ	Dansípróttasamband Íslands	11.050.000	1.141.156	10.250.000	4.329.742
FRÍ	Frjálsíþróttasamband Íslands	36.350.000	1.287.406	35.300.000	9.125.000
FSÍ	Fimleikasamband Íslands	56.050.000	0	52.800.000	6.095.916
GSÍ	Golfsamband Íslands	36.000.000	2.770.000	35.900.000	7.219.000
HNÍ	Hnefaleikasamband Íslands	1.250.000	181.650	1.450.000	950.000
HRÍ	Hjólreiðasamband Íslands	2.300.000	200.000	2.100.000	145.041
HSÍ	Handknattleikssamband Íslands	71.600.000	6.000.000	58.300.000	565.879
ÍF	Íþróttasamband fatlaðra	33.800.000	2.759.506	32.550.000	7.503.670
ÍHÍ	Íshökkísamband Íslands	14.600.000	0	13.500.000	0
ÍSS	Skautasamband Íslands	2.050.000	0	2.000.000	100.000
JSÍ	Júðósamband Íslands	10.350.000	494.984	10.550.000	2.284.986
KAÍ	Karatesamband Íslands	5.850.000	225.000	7.025.000	2.892.248
KKÍ	Körfuknattleikssamband Íslands	45.400.000	324.354	35.600.000	1.849.917
KLÍ	Keilusamband Íslands	11.575.000	2.118.897	9.217.500	2.511.936
KRA	Kraftlyftingasamband Íslands	15.250.000	2.012.915	15.000.000	5.094.368
LH	Landssamband hestamannafélaga	12.400.000	4.317.501	8.800.000	400.000
LSÍ	Lyftingasamband Íslands	3.800.000	0	3.800.000	1.455.580
MSÍ	Mótorhjóla- og snjósléðalíþróttasamband Íslands	1.800.000	98.300	1.650.000	750.000
SÍL	Siglingasamband Íslands	2.000.000	650.000	1.750.000	643.250
SKÍ	Skíðasamband Íslands	44.600.000	2.380.456	32.600.000	0
SKY	Skylmingasamband Íslands	9.800.000	0	10.500.000	905.404
SSÍ	Sundsamband Íslands	42.200.000	720.268	37.650.000	6.750.000
STÍ	Skotíþróttasamband Íslands	8.875.000	233.000	9.750.000	1.294.460
TKÍ	Taikwondosamband Íslands	2.175.000	1.675.000	2.787.500	2.021.250
TSÍ	Tennissamband Íslands	2.300.000	300.000	2.300.000	750.001
PRÍ	Þríþrautarsamband Íslands	3.800.000	832.000	3.205.000	512.167
	Samtals:	515.125.000	36.198.730	463.435.000	74.455.488

Líkt og árið áður voru hæstu niðurfellingar árið 2022 vegna EM/HM þátttöku fullorðinna og mótþátttöku ungmenna eða um 11 mkr. í hvorum þætti fyrir sig og nærri 5,5 mkr. vegna fagteymis. Árin fyrir faraldurinn höfðu niðurfellingar verið um 3% af úthlutuðum styrkjum.

HELSTU NIÐURFELLINGARÞÆTTIR 2020 OG 2021								
	Starfsmanna kostnaður	Fagteymi	HM/EM þátttaka	HM/EM lokamót	Menntun landsliðsþj.	Réttindi alþj. dómara	Hæfileika mótun	Yngri lið/einstakl.
Heildarúthlutun 2020	78.800.000	38.137.500	54.280.000	8.000.000	5.500.000	4.212.500	26.925.000	46.080.000
Niðurfellingar 2020	2.778.170	9.827.968	24.386.339	1.077.149	1.894.584	1.468.343	6.365.393	25.642.363
Heildarúthlutun 2021	79.500.000	39.725.000	62.875.000	14.000.000	5.625.000	4.350.000	27.750.000	47.750.000
Niðurfellingar 2021	42.652	5.479.705	5.639.201	6.000.000	1.552.345	1.518.143	3.309.996	10.656.688





Vefsvæði Afrekssjóðs ÍSÍ

Á vefsvæði sjóðsins [Afrekssjóður ÍSÍ \(isi.is\)](https://isi.is), má finna ýmsar upplýsingar um sjóðinn, s.s. upplýsingar um stjórnarfolk, samantekt á styrkveitingum síðustu ára, reglugerð sjóðsins, fundargerðir o.fl.

